

200 ára ártíð

# EGGERT ÓLAFSSON

skáld og náttúrufræðingur


I.

Eggert Ólafsson fæddist í Svefn-eyjum á Breiðafirði 1. des. 1726. Foreldrar hans voru í betri bænda röð, hjónin Ólafur Gunnlaugsson og Ragnhildur Sigurðardóttir. Ætr leggur Ólafur virðist hafa verið

bændafólk við Breiðafjörð, að minnsta kosti í næstu liði, en kona hans átti lengra fram að telja til hinna fornú Svalberðinga, og var Jón Sigurðsson lögmaður langafi hennar. Ólafur í Svefneyjum var skáldmæltur, og er eitthvað af

kvæðum hans enn til í handritum. Af ritsmíðum hans má nefna málsháttasafn, og er uppskrift af því til í Landsbókasafni. Bræður Ragnhildar voru þeir Sigurður Sigurðsson prestur í Flatey og Guðmundur Sigurðsson sýslumaður á Ingjaldshóli undir Jökli. Eggert hóf ungur nám hjá Sigurði móðurbróður sínum, en tólf ára fór hann í fóstur til Guðmundar sýslumanns, og á hans vegum lauk hann undirbúningsfræðslu og settist í Skálholtsskóla haustið 1741, en lauk stúdentsprófi fimm árum síðar 1746. Sama sumar sigldi hann til Kaupmannahafnar og innritaðist í háskólann um haustið. Valdi hann sér að einkakennara J. F. Ramus, sem var stærðfræðingur að mennt, en vasaðist í mörgu, er snerti hagnýt viðfangsefni. Gæti það val bent til þess, að Eggert hafi frá byrjun verið ráðinn í að snúa sér að náttúrufræði og skyldum viðfangsefnum. Háskólanám var þá ekki jafn rigbundið til takmarkaðrar greinar og nú þykir við hæfi, og þeir, sem vildu verða visir, fjölluðu um margar námsgr., stundum harla sundur leitar og þótti frami að.

Um háskólanám Eggerts er fátt vitað annað en það, að árið 1748 varð hann baccalaureus í heimspeki, og ári síðar birtist fyrsta vísindaritgerð hans um myndun Íslands af jarðeldi (Enarr. historie de Islandiæ natura et constitutione formatæ & transformatæ per eruptiones ignis. Particula prima Hafniæ M.D.CC.XLIX). Niðurstaða ritsins er í stytztu máli sú, að eldfjöll og hverir sýni, að innan í jörðinni hljóti að vera eldfim efni, sem við ákveðnar aðstæður valda eldgosum, en landskjálftar eru átök eldsins, þegar hann reynir að brjóta upp á yfirborðið. Á eftir þessum almennu hugleiðingum um eðli eldgosa fer ágripskennd lýsing íslenzkra jarð-



Fyrir nokkrum árum flutti Sigurvin Einarsson alpm. tillögu á Alþingi um fjárveifingu til minningartöflu í Skor um Eggert Ólafsson. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þeir Sigurvin og Kristján Eldjárn þjóðminjavörður sáu síðan um gerð minningartöflunnar, áletrun og uppsetningu. Taflan er smíðuð í vélsmíðjunni Héðni, er hún úr kopar, allstór og vönduð. Hún var síðan flutt vestur og fest upp á framhlíð vífangs í Skor, en þar blasir hún við Breiðafirði, er varð hin vafa gróf Eggerts Ólafssonar og Ingibjargar konu hans þann 30. maí 1768.